



Nefndasvið Alþingis  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. mars 2021

## **Efni: Frumvarp til laga um fiskeldi, matvæli og landbúnað (einföldun regluverks), 549. mál.**

Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin eða SI**“) fengu til umsagnar frumvarp til laga um fiskeldi, matvæli og landbúnað (einföldun regluverks), 549. mál. Samtökin fagna áherslum ríkisstjórnarinnar um að stjórnvíslan eigi að vera skilvirk og réttlát og því átaki að einfalda regluverk í þágu atvinnulífs og almennings. Samtökin benda á mikilvægi þess að samhliða einföldunaraðgerðum sé gripið til aðgerða til að tryggja skilvirkni í eftirfylgni þeirra lagaákvæða sem eftir standa enda vænta fyrirtæki þess að allir starfi eftir sömu leikreglum sem er ein forsenda heilbrigðs markaðar og frjálsrar samkeppni. Samtökin gera því athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarpsdrög.

### **Birting á niðurstöðum úr matvæla-, hollustuhátta- og mengunarvarnareftirliti**

Þann 26. apríl 2018 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um matvæli nr. 93/1995, sbr. lög nr. 33/2018. Með þeim breytingum var gert ráð fyrir að eftirlitsaðilar flokki fyrirtæki eftir frammistöðu úr eftirliti. Samkvæmt a-lið 2. gr. laga um breytingu á þeim lögum átti flokkun fyrirtækja eftir frammistöðu þeirra samkvæmt opinberu eftirliti með matvælum að verða birt opinberlega frá og með 1. janúar 2021. Í greinargerð kom fram að ráðherra fengi svigrúm til að ákveða, með reglugerð, með hvaða hætti upplýsingar úr frammistöðuflokkun skyldu birtar. Óraunhæft var talið að hefja slíka birtingu fyrr en að nokkrum tíma liðnum og var miðað við 1. janúar 2021, eins og áður greinir. Með lögum nr. 101/2020, um breytingu á ýmsum lögum á sviði landbúnaðar og matvæla vegna einföldunar regluverks og stjórnvíslnu, var þeirri gildistöku ákvæðisins frestað um eitt ár, til 1. janúar 2022.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 101/2020 er bent á að ástæða þess, að fresta opinberri birtingu um eitt ár, sé sú að undirbúningur væri skammt á veg kominn og að samræmt eftirlitskerfi sé meginforsenda þess að slík birting gæti hafist. Af þeirri ástæðu var ákveðið að hefja ekki opinbera birtingu frammistöðuflokkunar fyrr en 1. janúar 2022.

Í frumvarpi því sem nú er til umsagnar eru enn á ný lagðar til breytingar á a-lið 2. gr. laga nr. 33/2018 og er nú lagt til að opinber birting frammistöðuflokkunar hefjist ekki 1. janúar 2022 heldur verði ráðherra veitt heimild að taka ákvörðun um upphafstíma birtingar frammistöðuflokkunar. Skal miða við þann tímaramma er eftirlitskerfið fullnægi nauðsynlegum kröfum og opinber frammistöðuflokkun geti hafist **án þess að jafnræði matvælafyrirtækja sé teft í hættu**. Lagt er því til að ákvörðun um tímamark birtingar sé fært til ráðherra en ráðherra hefur ekki enn birt reglugerð um hvernig birta eigi upplýsingar úr frammistöðuflokkun og óljóst miðað við efni frumvarpsins hvenær eða hvort sú birting muni eiga sér stað.

Þrátt fyrir skýran vilja löggjafans þess efnis að birting niðurstaðna um frammistöðuflokkun fyrirtækja sé samræmd um allt land og að ráðherra beri að taka af skarið um það hvernig




og nú hvenær sú birting eigi að eiga sér stað ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (hér eftir „HER“), í desembermánuði 2018, einhliða að birta opinberlega niðurstöður úr matvæla-, hollustuhátta-, og mengunareftirliti á heimasíðu sinni. Hófust þær birtingar 1. janúar 2019 og eru enn í gangi. Er þessi birting, að mati Samtaka iðnaðarins, þvert á þær heimildir sem HER var veitt, enda miðað við að slík birting myndi í fyrsta lagi hefjast 1. janúar 2021, eftir að ráðherra hefði ákveðið með hvaða hætti birta ætti upplýsingarnar.

Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu, Samtök ferðaþjónustunnar, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Samtök atvinnulífsins hafa óskað eftir að bæði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem og umhverfisráðuneyti taki afstöðu til frammistöðubirtingar HER en hvorugt ráðuneyti aðhöfðust nokkuð í málinu. Beindu því samtökin erindi sínu að lokum til Umboðsmanns Alþingis og kvörtuðu yfir háttsemi HER.

Samtökin telja það því skjóta skökku við að hvorugt ráðuneyti hafi brugðist við ábendingum samtakanna þegar ljóst sé að vilji löggjafans sbr. frumvarpsbreytingarnar er að hætta við opinbera birtingu frammistöðuflokkunar 1. janúar 2022. Er það gert til að veita ráðherra heimild til að taka ákvörðun um hvenær slíkt hefjist þegar eftirlitskerfi fullnægir nauðsynlegum kröfum og opinber birting frammistöðuflokkunar geti hafist **án þess að jafnræði matvælafyrirtækja sé teflt í hættu.**

Til að taka allan vafa af hvort birting niðurstaðna eftirlits, í formi frammistöðuflokkunar t.d. með broskallakerfi, sé heimil eða óheimil leggja samtökin til að stofnunum verði samhliða frumvarpsbreytingunni gert óheimilt að birta frammistöðuflokkun þar til reglugerð ráðherra liggur fyrir.

Virðingarfyllt,

  
Gunnar Sigurðarson,  
viðskiptastjóri á framleiðslusviði